

## **Skýrsla deildarforseta hönnunar- og arkitektúrdeildar fyrir ársfund Listaháskóla Íslands 2009**

### **1 Fyrirkomulag kennslu**

*Nám í hönnunar- og arkitektúrdeild var með hefðbundnu sniði námsárið 2008-2009. Kennsla fór fram alla morgna á virkum dögum í vinnustofum nemenda í Skipholti 1. Fræði- og tæknigreinakennsla fór fram í kennslustofum, vinnustofum og á verkstæðum, ýmist í Skipholtinu eða í Laugarnesinu. Minniháttar breytingar voru gerðar á einstökum fræði- og tæknigreinum vegna breyttra áherslna.*

*Nemendur hönnunar- og arkitektúrdeildar 2008-2009 voru 177, 110 konur, 67 karlar. Þannig jókst hlutfall kvenna í hópi nemenda úr 59,4% í 62,1%. 49 voru við nám í arkitektúr, 29 konur og 20 karl, 67 voru í grafískri hönnun, 29 konur og 38 karl, 31 í fatahönnun, 30 konur og 1 karl og 31 í vöruhönnun, 23 kona og 8 karlar. Þessar tölur eru fyrir utan erlenda skiptinema.*

*Vorið 2008 bárust 268 umsóknir í hönnunar- og arkitektúrdeild sem er 4% aukning frá árinu áður. 91 sóttu um skólavist í Grafíska hönnun, 45 í vöruhönnun, 41 í fatahönnun og 91 í arkitektúr.*

*57 nýnemar hófu nám haustið 2008, 20 í grafískri hönnun, 9 konur og 11 karlar, 10 hófu nám í vöruhönnun, 6 konur og 4 karlar, 12 hófu nám í fatahönnun, 11 konur og 1 karl, og 15 hófu nám í arkitektúr, 9 konur og 6 karlar.*

*Alls útskrifuðust 52 nemendur frá HA deild með BA próf s.l. vor, 19 í grafískri hönnun, 11 í vöruhönnun, 9 í fatahönnun og 13 í arkitektúr. Eins og öll fyrri árin voru allir prófdómarar erlent fagfólk.*

### **2 Kennarar og starfsfólk**

*Við hönnunar- og arkitektúrdeildina störfuðu tveir prófessorar, þar af einn sem jafnframt gengdi starfi fagstjóra, fjórir fagstjórar sem jafnframt sinntu kennslu, í arkitektúr, vöruhönnun, grafískri hönnun, fatahönnun og í fræðigreinum. Þá var starfandi einn umsjónarmaður með textílverkstæði sem jafnframt stundaði kennslu innan deildarinnar. Stundakennarar voru 93 þar af 11 erlendir gestakennarar. Aðrir starfsmenn deildarinnar voru deildarforseti, deildarfulltrúi og þjónustufulltrúi. Þá naut deildin starfskrafta umsjónarmanna verkstæða í Laugarnesi, þ.e. umsjónarmanns trésmíðaverkstæðis, prentverkstæðis og ljósmynda og tölvuvers í nánu og ánægjulegu samstarfi með myndlistardeild. Tvær breytingar voru á föstu starfsliði deildarinnar á síðasta ári. Sigríður Sigurjónsdóttir prófessor og fagstjóri í vöruhönnun fór í sérstakt leyfi til að sinna rannsóknum og stóð Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir vöruhönnuður vaktina í hennar fjarveru. Eru henni kærlega þökkuð góð störf. Sigrún Sigurðardóttir fagstjóri*

fræðigreina hóf fæðingarorlof í apríl 2009. Viðar Þorsteinsson heimspekingur var ráðinn staðgengill hennar og hóf hann formlega störf í ágúst 2009.

Tvær akademískar stöður við deildina voru auglýstar í febrúar s.l. Önnur í grafískri hönnun og hin í arkitektúr. Guðmundur Oddur Magnússon og Halldóra Guðrún Ísleifsdóttir voru ráðin í stöður háskólakennara í grafískri hönnun frá og með 1. ágúst. Guðmundur Oddur gegnir stöðu prófessors og Halldóra stöðu lektors. Fimmtán umsækjendur voru um starfið. Þriggja manna dómnefnd skipuð af stjórn skólans mat fimm þeirra hæfa til að gegna starfinu miðað við starfssvið og skyldur eins og starfið var auglýst af hendi skólans. Dómnefnd skipuðu þau Jón Ólafsson prófessor, Ámundi Sigurðsson grafískur hönnuður, og Hildigunnur Gunnarsdóttir grafískur hönnuður.

Sigrún Birgisdóttir arkitekt var ráðin í stöðu lektors í arkitektúr frá og með 1. ágúst. Ellefu umsækjendur voru um starfið. Þriggja manna dómnefnd skipuð af stjórn skólans mat átta þeirra hæfa til að gegna starfinu miðað við starfssvið og skyldur eins og starfið var auglýst af hendi skólans. Dómnefnd skipuðu þau dr. Jón Ólafsson prófessor, Margrét Harðardóttir arkitekt, og Ólafur Tr. Mathiesen, arkitekt.

### **3 Sýningar og viðburðir**

Nemendur á öðru ári í fatahönnun við deildina settu upp tískusýningu í apríl á veitingastaðnum Nasa við Austurvöll, þar sem fjöldi gesta var mættur. Útskriftarsýning var að venju opnuð í Apríl 2009 á Kjarvalsstöðum, þar sem nemendur deildarinnar stilltu upp verkefnum sínum ásamt nemendum myndlistardeildar. Í tengslum við sýninguna héldu útskriftarnemar fatahönnunar veglega tískusýningu í Listasafni Reykjavíkur, miðrýminu í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Útskriftarsýningin sem var myndarleg stóð yfir í 2 vikur. Samkvæmt upplýsingum kynningarfulltrúa skólans sóttu rúmlega 8 þúsund manns sýninguna á Kjarvalsstöðum, en telst það há tala með hliðsjón af því að sýningin var einungis opin í rúmar tvær vikur.

3ja árs nemar allra námsbrauta fóru í 8 daga náms- og kynningarferð til Istanbul í Tyrklandi í september 2008 með fagstjórum sínum. Hópur fatahönnunarnema fóru til Parísar í starfskynningu í febrúar og mars. Samstarfsnámskeiðið Samtal var endurtekið í janúar s.l., en námskeiðið er sameiginlegt verkefni allra deilda skólans, þar sem nemendur unnu hópverkefni undir leiðsögn leiðbeinenda. Námskeiðið var tilraun til að efla ennfrekar starf deildanna og tengja nemendur allra deilda innan skólans betur saman. Ákveðið hefur verið að styrkja og efla þetta samstarf enn frekar og endurtaka þetta námskeið með bættum áherslum. Í desember s.l. kynntu nemendur 3ja árs borgarrannsóknir fyrir starfsfólki Skipulagsviðs Reykjavíkurborgar. 1. árs nemendur í arkitektúr kynntu Borgarrannsóknarverkefni sitt af Hverfisgötu í mars s.l. á opinni kynningu og fyrir nefndarmenn í Skipulagsráði Reykjavíkurborgar. Á skipulagsráðstefnunni "að móta byggð" í apríl s.l. kynnti Sigrún Birgisdóttir fagstjóri borgarrannsóknarverkefni 1. og 3ja árs arkitektanema. Upp úr Hverfisgötuverkefninu var nemendum boðið að vinna innsetningarverkefni á Hverfisgötu sem verður kynnt fyrir skipulagsráði Reykjavíkur í desember 2009.

15 opnir fyrirlestrar á vegum Opna Listaháskólans voru haldnir á árinu í Skipholtinu, og voru þeir allir vel sóttir. Fyrirlestrarnir voru fjölbreyttir og voru þeir ýmist fluttir af innlendum eða erlendum hönnuðum, arkitektum og fræðimönnum.

#### 4 Samstarf

Samstarf við aðra háskóla (innlenda og erlenda) var einkum á vettvangi hinna ýmsu samtaka hönnunar- og arkitektaskóla á Norðurlöndunum og í Evrópu. Cirrus eru samtök hönnunarskóla á norðurlöndunum og Eystrasaltslandanna, og var ársfundur samtakann haldinn í Lundi í Svíþjóð í september 2008. Fundinn sóttu fulltrúar 20 skóla og stóð hann í tvo daga. Deildarforseti sótti fund skólustjóra Evrópskra arkitektaskóla EAAE á Krít í September 2008. Á þeim sama fundi var haldinn fundur í Nordisk Arkitekturakademi, sem eru samtök 15 arkitektaskóla á Norðurlöndunum og Eystrasaltslandanna. Ársfundur Nordisk Arkitekturakademi var svo haldinn í Osló í desember 2008. Sérstakt umræðuefni fundarins var endurmenntun arkitekta. Á fundinn komu jafnframt fulltrúar allra arkitektafélaga á norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Formaður Arkitektafélags Íslands sótti fundinn með deildarforseta hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ. Í ljós kom að endurmenntun arkitekta er framkvæmd með mjög ólíkum hætti á milli landanna og eru fulltrúar allra skólanna á því að bæta megi samskiptin á þessu mikilvæga sviði.

Jafnframt var talsvert rætt um gæðaviðmið og gæðaúttektir einstakra námsbrauta í arkitektúr. Samþykkt var að gera tilraun til þess að koma á samræmdu úttektarkerfi á fræðilegum þætti námsbrautanna og setja á laggirnar vinnuhóp sem á að móta reglur þar að lútandi. Undirritaður er í þessum vinnuhóp og er vinnan á frumstigi.

Evrópski hönnunarvettvangurinn Cumulus var haldinn í London um vorið 2009. Guðmundur Oddur Magnússon prófessor í Grafískri hönnun sótti fundinn.

Deildin hélt eins og undanfarin ár markaðskúrs undir vinnuheitinu Markaður og form í samsarfi við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík á haustönn 2008. Allir nemendur á öðru ári tóku þátt í vel heppnuðu verkefni um skapandi markaðshugmyndir í hönnun á Íslandi. Námskeiðið endaði með kynningu og sýningu í Þjóðleikhúskjallaranum 31. október 2008 þar sem nemendur kynntu afrakstur vinnu sinnar fyrir fulltrúum fjárfesta og fagaðilum. Fjöldi manns sótti kynninguna og sýninguna þar sem skapandi hugsun og viðskiptalegu innsæi er blandað saman. Sérstök dómnefnd veitti verðlaun fyrir bestu kynninguna, en verðlaunin voru í boði Klaks Nýsköpunarmiðstöðvar og Nýherja. Fyrir hönd LHÍ stýrði Guðjón Már Guðjónsson verkefninu.

Verkefnið Stefnumót bænda og hönnuða sem Sigríður Sigurjónsdóttir prófessor í vöruhönnun hefur stýrt við deildina undanfarin þrjú ár og hefur notið styrks úr Tæknipróunarsjóði Rannís hélt áfram. Styrkurinn gerði Sigríði kleift að starfa alfarið að verkefninu veturinn 2008 – 2009 sem er afar ánægjulegt.

Verkefnið Project M, samstarfsverkefni þriggja námsbrauta við deildina var haldið í febrúar 2009 undir leiðsögn John Bielenberg grafíks hönnuðar frá Bandaríkjunum. Markmiðið með námskeiðinu var að hvetja nemendur til

*að hafa skoðun á umhverfi sínu og samfélagi og tjá sig þar um, einkum með tilliti til þeirra miklu atburða sem áttu sér stað í íslensku samfélagi á þessum tímamarki. Nemendur skoðuðu samfélagið og gerðu verklegar og sjónrænar athugasemdir um/við það sem betur mætti fara. Verkefnið endaði með stórri kynningu í Iðnó.*

*Opinn dagur var haldinn í lok október 2008 þar sem starfsemi skólans var kynnt og gestum gafst tækifæri til að skoða skólann. Deildarforseti mætti í nokkrar kynningar í framhaldsskólum í landinu þar sem gafst kjörið tækifæri til þess að ræða við starfsfólk, kennara og nemendur framhaldsskóla um undirbúning að námi við hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ.*

*Í mars s.l. tók hönnunar- og arkitektúrdeildin þátt í svokölluðum "hönnunarmars" í samstarfi við hönnunarmiðstöðina og kynntu nemendur fjölda verkefna sem þeir hafa unnið að innan deildarinnar. Þannig var opið hús 26. mars s.l. hluti af auglýstri dagskrá Hönnunarmarsins. Sama dag var menntamálaráðherra formlega afhent fyrsta eintak af íslenskri Sjónabók. Um er að ræða afrakstur samstarfsverkefnis hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ, Heimilisiðnaðarfélagsins og Þjóðminjasafns Íslands.*

*Sex umsóknir nemenda deildarinnar til nýsköpunarsjóðs námsmanna hlutu styrk úr sjóðnum og voru verkefnið afar fjölbreytt, allt frá steypu styrktri með hampi, til skráningar leiksvæða. Styrkirnir nýttust nemendum afar vel á erfiðum tímum m.t.t. þess að fá störf voru í boði á vinnustofum hönnuða og arkitekta.*

*Erlendir skiptinemar:*

*Alls voru 13 erlendir skiptinemar við deildina þennan vetur, frá Þýskalandi, Noregi, Slóveníu, Austurríki, Finnlandi, Skotlandi, Sviss, Tékklandi, Danmörku, Englandi og Lettlandi  
7 nemendur deildarinnar fóru í skiptinám til samstarfsskóla okkar erlendis, til Englands, Þýskalands, Skotlands, Noregs og Tælands.  
Skiptinemasamstarfið er ýmist á vegum Erasmus eða á vegum Norþlús. Nokkrir útskrifaðir nemendur nutu góðs af starfstengdu námi á vegum Leonardó áætlunarinnar og unnu við sín fög hjá erlendum vinnustofum og framleiðslufyrirtækjum. Þannig störfuðu og/eða starfa vöruhönnuðir í Milanó og í München, fatahönnuður í London og grafískur hönnuður í London.*

*Bókasafn Arkitektafélags Íslands: Gerður hefur verið varðveislu og skráningarsamningur á milli LHÍ og Arkitektafélags Íslands um að bókasafn AÍ annist varðveislu og skráningu bókakostsins sem hingað til hefur verið varðveittur í byggingarlistadeild Listasafns Reykjavíkur. Safnið er nú allt komið í hús í Skipholti 1 og er unnið að fullu að skráningu þess. Með tilkomu safnsins hefur safnkostur bóka um arkitektúr við LHÍ styrkst verulega. Hér er um mjög þarft samstarfsverkefni að ræða.*

*Hönnunar- og arkitektúrdeildin hefur átt farsælt og gott samstarf við Hönnunarmiðstöðina um mánaðarlega fyrirlestra um hönnun, hönnuði og tengd málefni. Fyrirlestrarnir hafa undantekningarlaust verið mjög vel sóttir.*

## **5 Aðstaða deildar**

*Áfram var haldið við að endurbæta og styrkja tækjakost verkstæða skólans, allt í samræmi við fjögurra ára áætlun um tækjakaup sem unnin var í góðu samstarfi deildarforseta myndlistardeildar og hönnunar-og arkitektúrdeildar, verkstæðisstjórur og framkvæmdastjóra skólans. Engar aðrar breytingar voru gerðar á aðstöðu deildarinnar, en ljóst er að breytinga er þörf. Húsnæðið stenst ekki lágmarkskröfur hvað aðstöðu varðar, hvorki fyrir nemendur né starfsfólk. Jafnframt er afar erfitt að sætta sig við þá staðreynd að ekki sé aðgengi fyrir alla í húsnæði skólans. Húsnæðið er erfitt í umgengni og löngu ljóst að hér er tjaldað til skamms tíma. Þá er mikilvægt að reynt verði að koma starfsemi skólans sem mest undir eitt þak og að fræðasviðinu "Listir" verði þannig sýndur sá sómi sem því ber.*

## **6 Stefnumótun og framtíðarsýn**

*Í samræmi við stefnumótun skólans var unnin undirbúningsvinna að áætlun um meistaranám í arkitektúr. Skipaður var vinnuhópur til að skrifa skýrslu um meistaranámið í arkitektúr og hefur sá hópur haldið um 10 fundi. Í hópnum starfa Steve Christer arkitekt, Hildigunnur Sverrisdóttir arkitekt, Sigrún Birgisdóttir lektor í arkitektúr og undirritaður. Stefnt er að því að skýrslan verði tilbúin fyrir áramótin 2009-2010. Jafnframt er hafin vinna við sambærilega skýrslu vegna meistaranáms í hönnun og mun sú skýrsla jafnframt verða tilbúin á sama tíma. Deildarforseti sótti ráðstefnu um meistaranám í hönnun á vegum Cirrus samtakanna í Umea í Svíþóð í janúar s.l. með það að markmiði að hefja undirbúningsvinnu vegna meistaranáms í hönnun. Á sama fundi var ákveðið að næsta ráðstefna um meistaranám í hönnun verði haldin í Reykjavík í janúar 2010 og vilja Cirrus skólarnir þannig sýna stuðning sinn við meistaranám í hönnun á Íslandi í verki.*

*Jóhannes Þórðarson deildarforseti hönnunar- og arkitektúrdeildar*

## **Fastir starfsmenn og kennarar við hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ veturinn 2008 – 2009**

Björg Stefánsdóttir þjónustufulltrúi

Eric Wolf umsjónarmaður ljósmyndavers

Guðfinna Magnúsdóttir fagstjóri í vöruhönnun

Guðmundur Oddur Magnússon prófessor í grafískri hönnun

Gulleik Lövskar umsjónarmaður trésmíðaverktæðis

Hafdís Harðardóttir deildarfulltrúi

Halldóra G. Ísleifsdóttir fagstjóri í grafískri hönnun

Jóhann Torfason umsjónarmaður verkstæða

Jóhannes Þórðarson deildarforseti

Katrín Káradóttir aðjúnkt í fatahönnun

Linda Björg Árnadóttir fagstjóri í fatahönnun

Sigríður Sigurjónsdóttir prófessor í vöruhönnun

Sigrún Birgisdóttir fagstjóri í arkitektúr

Sigrún Sigurðardóttir fagstjóri í fræðigreinum

## **Stundakennarar við hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ veturinn 2008 – 2009**

Andrea P Maack, myndlistarmaður

Andrew Burgess, arkitekt

Anne Kathrine Clausen, fatahönnuður

Atli Hilmarsson, grafískur hönnuður

Ámundi Sigurðsson, grafískur hönnuður

Ásmundur Hrafn Sturluson, arkitekt

Ásmundur Þórðarson, grafískur hönnuður

Birna Geirfinnsdóttir, grafískur hönnuður

Bjarni Helgason, grafískur hönnuður

Bjarni Reynarsson, skipulagsfræðingur

Björn Marteinsson, arkitekt og verkfræðingur

Björn Þorsteinsson, heimspekingur

Bryndís Björgvinsdóttir, þjóðháttufræðingur

Brynhildur Pálsdóttir, vöruhönnuður

Dagur Óskarsson, vöruhönnuður

Daníel Karl Björnsson, myndlistarmaður

Declan MacCormick, fatahönnuður

Egill Sveinbjörn Egilsson, vöruhönnuður

Elísabet V Ingvarsdóttir, innanhússarkitekt og MA í hönnunarsögu

Emel Kurhan, fatahönnuður

Ene Cordt Andersen, arkitekt

Gísli Baldvin Björnsson, grafískur hönnuður

Guðjón Kjartansson arkitekt

Guðjón Már Guðjónsson, framkvæmdastjóri og athafnamaður

Guðjón Þór Erlendsson, arkitekt

Guðríður Dögg Hauksdóttir, arkitekt

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, vöruhönnuður

Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, heimspekingur

Gunnar Þór Vilhjálmsson, grafískur hönnuður

Gyða Margrét Pétursdóttir

Halldór Eiríksson, arkitekt

Hans Olav Andersen, arkitekt

Haraldur Agnar Civelek, grafískur hönnuður

Haraldur Helgason, arkitekt

Haraldur Jónsson, myndlistarmaður

Haukur Már Helgason, heimspekingur

Helga Lilja Magnúsdóttir fatahönnuður  
Helgi Guðmundsson mótasérfræðingar  
Hildigunnur H Gunnarsdóttir, grafískur hönnuður  
Hildigunnur Sverrisdóttir, arkitekt  
Hildur Björk Yeoman, fatahönnuður  
Hildur Steinþórsdóttir, arkitekt  
Hjörtur Magni Jóhannsson, prestur  
Hlynur Helgason, myndlistarmaður  
Hrafnkell Birgisson, vöruhönnuður  
Hörður Lárusson, grafískur hönnuður  
Ian Watson, grafískur hönnuður  
Jeffrey Craig Nebolini, grafískur hönnuður  
Jette Corrine Jonkers, fatahönnuður  
John Bielenberg, grafískur hönnuður  
Jon Ivar Nordsteien, arkitekt  
Jóhann Sigurðsson, arkitekt  
Jónína Sigprúður Sigurðardóttir lögfræðingur  
Julia McLaughlin Staples  
Jurgen Bey, vöruhönnuður  
Kristín Hauksdóttir, ljósmyndari  
Kristín Ragna Gunnarsdóttir, fatahönnuður  
Kristján Eggertsson, arkitekt  
Kristján Örn Kjartansson, arkitekt  
Lani Yamamoto, rithöfundur og trúarbragðafræðingur  
Laurie Rosenwald, grafískur hönnuður  
Laurine Boym, vöruhönnuður

Lárus Gunnsteinsson sjúkraskósmíðameistari  
Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, myndlistarmaður  
Ludo Grooteman, arkitekt  
Magnús Albert Jensson, arkitekt  
Magnús Óskar Helgason, myndlistarmaður  
Magnús Porkell Bernharðsson, sagnfræðingur  
Mareike Gast, vöruhönnuður  
Margrét Sigrún Sigurðardóttir viðskiptafræðingur  
Massimo Santanicchia, arkitekt  
Natalie Jeremijenko, myndlistarmaður  
Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, arkitekt  
Ófeigur Sigurðarson ljóðskáld og heimspekingur  
Páll Einarsson, vöruhönnuður  
Páll Hjalti Hjaltason, arkitekt  
Pálmar Kristmundsson, arkitekt  
Pétur Hrafn Ármannsson, arkitekt  
Phoebe Anna Jenkins grafísku hönnuður  
Ragnar Helgi Ólafsson, grafískur hönnuður  
Robert Cary-Williams, fatahönnuður  
Róbert Þór Haraldsson, grafískur hönnuður og landslagsarkitekt  
Sara Riel, myndlistarmaður  
Signý Kolbeinsdóttir, vöruhönnuður  
Sigríður Björk Jónsdóttir  
Sigríður Björk Ævarsdóttir, vöruhönnuður  
Sigrún Ingibjörg Arnardóttir, þjóðfræðingur  
Sigrún Kristjánsdóttir sagnfræðingur  
Sigurður Ármannsson, grafískur hönnuður

Sigurður Gunnarsson, verkfræðingur

Sigurður Harðarson, arkitekt

Sigurður Orri Þórhannesson, grafískur hönnuður

Sigurður Þorsteinsson iðnhönnuður

Sigurlína Margrét Osuala keramikker

Simon Heijdens, vöruhönnuður

Snæfríð Jóhanna Þorsteins, vöruhönnuður

Soffía Dröfn Marteinsdóttir, fatahönnuður

Sophia Christina Maleg

Sól Hrafnisdóttir, grafískur hönnuður

Sólveig Berg Björnsdóttir, arkitekt

Sruli Recht, hönnuður

Stefán Pétur Sólveigarson, vöruhönnuður

Steinþór Kári Kárason, arkitekt

Sæunn Huld Þórðardóttir, fatahönnuður

Theresa Himmer, arkitekt

Thorsten Henn, ljósmyndari

Unnar Örn Jónasson Auðarson, myndlistarmaður

Valdimar Tryggvi Hafstein, þjóðfræðingur

Valgerður T Gunnarsdóttir, vöruhönnuður

Valur Brynjar Antonsson, heimspekingur

Viðar Þorsteinsson, heimspekingur

Þorvaldur Sverrisson, heimspekingur og “strategic planner”

Þórdís Rós Harðardóttir, iðnhönnuður

Þórey Hannesdóttir, fatahönnuður

Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt

Ævar Harðarson, arkitekt

Örn Þór Halldórsson, arkitekt